



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. ágúst 2005
Tilvísun: UST20050700138/sf

Breyting á urðunarsvæðinu í Álfsnesi, Reykjavík. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 25. júlí sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Lýsing framkvæmdar

Framkvæmdin felst í því að breyta mörkum á athafna- og urðunarsvæði urðunarstaðarins í Álfsnesi. Fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila að tilgangurinn er ekki að stækka urðunarstaðinn heldur eingöngu að bæta urðunarstaðnum upp það urðunarrými sem tapast vegna tilkomu Sundabrautar og tryggja þannig endingu urðunarstaðarins til ársins 2014 eins og stefnt var að í upphafi. Ekki er lengur talið ákjósanlegt að leggja Sundabraut yfir urðunarstaðinn, m.a. vegna hugsanlegs sigs á vegfyllingum. Mörk athafnasvæðis vestan Sundabrautar haldast óbreytt.

Stærð urðunarsvæðis eftir breytinguna verður um 34,2 ha en er nú um 30,4 ha. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að ástæða þess að nýtt land sem bætt er við urðunarsvæðið er stærra en það sem tapast er sú að verið er að færa urðunarsvæðið upp í klapparholt þar sem land er óhentuga fyrir urðun en á svæðinu sem tapast.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð um athugun á gróðri (sjá viðauka 5 með tilkynningu um framkvæmdina) kemur fram að allnokkurt gróðurlendi tapast við fyrirhugaða breytingu á mörkun urðunarstaðarins í Álfsnesi. Það svæði sem raskast er að hluta til votlendi (hálfdeigjur) en samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri njóta sérstakrar verndar. Ekki kemur fram í tilkynningu um framkvæmdina hversu stórt votlendið er en í fyrrgreindri greinargerð um gróður kemur fram að því hefur verið raskað mikið, einkum með beit, slætti, þurrkun og túnrækt. Engar sérstæðar eða sjaldgæfar plöntutegundir fundust á nýja urðunarsvæðinu og ekkert þeirra gróðurfélaga sem er á svæðinu getur talist sjaldgæft eða sérstætt á landsvísu. Þær fuglategundir sem eru á svæðinu skv. úttekt á fuglalífi (sjá viðauka 6 með tilkynningu um framkvæmdina) eru algengar og engin þeirra er á valista. Bæði tegundafjöldi og varpþéttleiki er dæmigerður með tilliti til gróins strandsvæðis á

Reykjanesi.


Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að rannsóknir sem gerðar hafa verið í og við Álfnes benda til að urðunarstaðurinn og starfsemin sem þar fer fram valdi ekki umtalsverðu álagi á lífríki í nágrenni staðarins. Umhverfisstofnun ítrekar ábendingu þess efnis að ef sprungur leynast í berggrunni nýja urðunarsvæðisins gæti það haft áhrif á sigvatnsrennsli sem gæti leitt til krafna stofnunarinnar í starfsleyfi um viðbótaraðgerðir varðandi botnþéttingu og/eða mengunarvarnir, sbr. bréf Umhverfisstofnunar til Stuðuls verkfræði- og jarðfræðipjónustu dags. 22. mars sl.

Gildandi starfsleyfi fyrir urðunarstað í Álfnesi verður endurskoðað fyrir 16. júlí 2009 í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.


Niðurstaða

Með hliðsjón af framansögðu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð breyting á mörkum urðunarstaðar í Álfnesi muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllt



Sigríós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri



Helgi Teisson

forstöðumaður framkvæmda-
og efurlitssviðs